



Hafnarfjörður

Gervigreindarstefna Hafnarfjarðarbæjar

Tilgangur

Stefnan setur sameiginleg viðmið um ábyrga notkun gervigreindar í starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Starfsfólki og verktökum sveitarfélagsins og stofnana þess ber að fylgja stefnunni í öllum verkefnum og þjónustu þar sem gervigreind er notuð eða fyrirhugað er að nota hana.

Skilgreining á gervigreind

Með gervigreind er hér átt við spunagreind, þ.e. þann eiginleika hugbúnaðarkerfa, einkum stórra mállíkana, að geta unnið með sjálfstæðum hætti verkefni sem venjulega krefjast mannlegrar rökhusunar og greiningar, án þess að niðurstaðan sé forrituð, svo sem að vinna úr upplýsingum, greina mynstur, draga ályktanir, búa til texta og myndefni eða styðja við ákvarðanatöku.

Framtíðarsýn

Hafnarfjarðarbær nýtir gervigreind með ábyrgum, gagnrýnum, öruggum og gagnsæjum hætti. Gervigreind er notuð sem hjálpartæki fyrir starfsfólk við vinnslu og úrlausn mála en ákvarðanir sem varða réttindi eða hagsmuni einstaklinga eða hagaðila eru ekki teknar án mannlegrar íhlutunar.

Markmið með notkun gervigreindar

- Styðja starfsfólk í daglegum störfum sem hjálpartæki við vinnslu mála.
- Auka aðgengi starfsfólks að upplýsingum og bæta nýtingu gagna.
- Efla og bæta þjónustu við íbúa og aðra hagaðila.
- Auka skilvirkni í rekstri sveitarfélagsins.

Meginreglur við nýtingu gervigreindar

- Mannleg ábyrgð.** Starfsfólk ber ávallt ábyrgð á notkun gervigreindar og birtingu efnis sem byggir á henni. Það skal ávallt geta rökstutt niðurstöðu í samræmi við stjórnsýslulög, án aðkomu gervigreindar.
- Gagnrýni.** Taka skal öllu efni sem stafar frá gervigreind með fyrirvara. Það skal ávallt yfirfarið og staðfest af starfsmanni áður en það er notað í formlegri vinnu.
- Gagnsæi.** Íbúar og starfsfólk skulu fá viðeigandi upplýsingar þegar gervigreind kemur að þjónustu, upplýsingagjöf eða vinnslu mála.



Hafnarfjörður

- **Öryggi og persónuvernd.** Persónuvernd og upplýsingaöryggi skulu tryggð í allri notkun. Persónuupplýsingar og trúnaðarupplýsingar má aðeins vinna í samþykktu og öruggu umhverfi.
- **Samþykkt verkfæri.** Starfsfólk skal í störfum sínum einungis nota gervigreindarlausnir sem Hafnarfjarðarbær hefur formlega samþykkt. Samþykki skal endurskoða reglulega. Við val á lausnum skal líta til öryggis, lagaumhverfis, kostnaðar, rekstrarlegs og raunverulegs ávinnings.
- **Jafnræði.** Notkun gervigreindar má í engum tilvikum leiða til mismununar, útilokunar eða ósanngjarnrar málsmeðferðar.

Notkunarflokkar

- Almenn notkun.** Notkun með lítilli áhættu, þar sem hvorki persónuupplýsingar né trúnaðarupplýsingar eru notaðar. Dæmi eru textadrög, samantektir, þýðingar og hugmyndavinna.
- Stýrð notkun.** Notkun sem tengist innri gögnum, ferlum eða þjónustu. Slík notkun krefst samþykkis, skráningar og mats á öryggi gagna.
- Notkun með aukinni áhættu.** Notkun sem styður við ákvarðanir sem geta haft áhrif á réttindi, þjónustu eða hagsmuni einstaklinga. Slík notkun krefst áhættumats, samþykkis og skýrrar mannlegrar ábyrgðar.
- Óheimil notkun.** Notkun sem ógnar öryggi, persónuvernd eða friðhelgi einkalífs, jafnræði eða grundvallarréttindum er óheimil.

Framkvæmd og endurskoðun

Stefnan er grundvöllur að verklagi, leiðbeiningum, fræðslu og eftirliti með notkun gervigreindar hjá Hafnarfjarðarbæ. Stefnan skal endurskoðuð reglulega og eigi sjaldnar en árlega, með hliðsjón af reynslu, breytingum á lögum og þróun tækninnar.

Stefna samþykkt í bæjarráði 17. september 2026.